

Fréttatilkynning frá BEUC

31. janúar 2007

Skýrsla framkvæmdarstjórnar ESB um hreyfanleika í bankaviðskiptum: Niðurstaðan kemur ekki á óvart.

Þann 31. janúar 2007 sendi framkvæmdarstjórnin frá sér skýrslu vegna athugunar sinnar innan aðildarlanda ESB á sviði bankaþjónustu. Það kemur ekki á óvart að skýrslan sýni sömu niðurstöður og aðildarfélög BEUC hafa komist að hvarvetna í Evrópu. Meirihluti neytenda skiptir ekki um viðskiptabanka, aðallega vegna mikils kostnaðar við flutning milli viðskiptabanka, skorti á gagnsæi og útbreiðslu samsettra þjónustupakka.

Flestir neytendur vita ekki hvað bankaþjónustan þeirra kostar og hvað sama þjónusta kostar í öðrum banka. Einnig er erfitt fyrir neytendur að greina og bera saman gæði þjónustunnar. Í tilvikum samsettra þjónustupakka¹ verður samanburður enn erfiðari og kostnaður við bankaflutning hækkar jafnvel enn meir.

BEUC hefur sett saman lista yfir vandamál sem aðildarfélög hafa nýlega tekið saman. Á Ítalíu getur t.d. tekið allt að tveimur mánuðum að skipta um hlaupareikning á milli banka. Í Frakklandi kostar allt að 335€ að skipta um banka. Á Spáni veit um 86% neytenda ekki hversu mikið þeir greiða fyrir bankaþjónustuna.

Jim Murray, framkvæmdarstjóri BEUC, segir: „Staðreyndir eru skýrar, bankar eru í raun ekki í samkeppni og sýna gengdarlausan hagnað af viðskiptum við neytendur. Þessi yfirstandandi misnotkun verður að taka enda. Neytendur þurfa betri upplýsingar, meira gagnsæi ásamt auðveldri og ódýrri leið til að skipta um viðskiptabanka. Við stólum á að framkvæmdarstjórn ESB bregðist við þörfinni.“

Neytendasamtökin eru aðilar að BEUC- Evrópusamtök neytenda

Sjá fréttatilkynningu á www.BEUC.org

¹ Nokkrir þjónustuliðir eru settir saman í einn pakka